



Sviðsstjóri framkvæmda- og veitusviðs

Bláskógabyggð auglýsir starf sviðsstjóra framkvæmda- og veitusviðs laust til umsóknar. Bláskógabyggð er blómlegt sveitarfélag í Uppsveitum Árnassýslu. Íbúar eru um 1.150 og auk þess eru um 2.000 sumarhús í sveitarfélaginu. Þéttbýliskjarnar eru þrjár, Laugarás, Laugarvatn og Reykholt. Starfsstöð sviðsstjóra er í Aratungu í Reykholti.

Undir framkvæmda- og veitusvið heyrja fasteignir sveitarfélagsins og gatnakerfi, vatns-, hita- og fráveita, ljósleiðari, umhverfis- og hreinlætismál, auk reksturs þjónustumiðstöðvar, íþróttamiðstöðva og félagsheimilisins Aratungu, þ.m.t. mötuneytis.

Næsti yfirmaður er sveitarstjóri, en næstu undirmenn eru veitustjóri, forstöðumenn íþróttamannvirkja, matráður og starfsmenn framkvæmda- og veitusviðs. Framkvæmda- og veitunefnd fjallar um málefni sviðsins.

Meginverkefni:

- Stjórnun og daglegur rekstur framkvæmda- og veitusviðs.
- Umsjón og ábyrgð á umhverfis- og hreinlætismálum.
- Umsjón og ábyrgð á málefnum veitna, í samstarfi við veitustjóra.
- Umsjón og ábyrgð á viðhaldi og nýframkvæmdum.
- Gerð fjárhags- og viðhaldsáætlana fyrir sviðið og þátttaka í stefnumótun.
- Yfirumsjón með rekstri íþróttamannvirkja og félagsheimilisins Aratungu.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, t.d. menntun á sviði verk-, tækni- eða viðskiptafræði eða sambærilegt nám með haldbærri reynslu af verkefnum sem falla að starfinu.
- Þekking og reynsla af stjórnun og starfsmannahaldi, verkefnastjórnun og verkstjórn.
- Þekking og reynsla af sambærilegum verkefnum.
- Skipulagshæfileikar, sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði.
- Rík þjónustulund og afar góðir samskiptahæfileikar.
- Góð tölvukunnátta og reynsla af notkun word, excel og fjárhagskerfa.
- Góð íslenskukunnátta.

Frekari upplýsingar um starfið:

Upplýsingar um starfið veita Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri, asta@blaskogabyggd.is og Helgi Kjartansson, oddviti, oddviti@blaskogabyggd.is, eða í síma 480 3000. Umsóknir skulu berast til sveitarstjóra á netfangið asta@blaskogabyggd.is.

Umsóknarfrestur er til og með 26. maí 2021.

Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Umsókn skal fylgja greinargóð náms- og starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni umsækjanda í starfið.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Starfið hentar einstaklingum óháð kyni.